



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg

Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 7.07.2017
1706004 SB

Efni: Stekkjarbakki - Verkefnislýsing vegna skipulagsbreytinga

Á 77. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 23. júní 2017 s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Lögð er fram lýsing aðalskipulagsbreytingar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga til umsagnar.

Fyrirhuguð breyting tekur til stofnbrautarkerfisins eins og það er sýnt á þéttbýlisupprætti aðalskipulagi Reykjavíkur en þar er gert ráð fyrir því að gatan Stekkjarbakki færist til norðurs. Breytingartillaga getur einnig tekið til legu stíga, eins og þeir eru settir fram á gildandi skipulagsupprætti. Í skipulagsvinnunni á að bera saman tvo kosti, að hliðra Stekkjarbakka til norðurs og fjölga akreinum í fjórar líkt og nógildandi aðalskipulagsuppráttur gerir ráð fyrir eða halda óbreyttri legu götunnar.

Í verkefnislýsingunni er vísað til umferðarspáa sem gerðar voru við vinnu aðalskipulags Reykjavíkur og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Í því samhengi er rétt að minna á að gerðar verða nýjar umferðarspár fyrir höfuðborgarsvæðið nú í sumar í tengslum við mat á áhrifum Borgarlínunnar.

Niðurstaða

Svæðisskipulagsnefnd leggur til við Reykjavíkurborg að við mat á valkostum í skipulagsvinnunni verði horft til nýrrar umferðarspár sem VSÓ mun gera fyrir höfuðborgarsvæðið nú í sumar. Að öðru leyti gerir nefndin engar athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins